

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

gjörir kunnugt:

Að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir **Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum** sem fest er hér við og geymd er hjá Sýlumanninum á Norðurlandi vestra í staðfestu ljósriti.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 4. mars 2020

Björn Hrafnsson fm



Rudur Þóringrímur



Staðfesting
á skipulagsskrá fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Gjald kr.10.000,-

Skipulagsskrá fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

1. grein

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, fullorðinsfræðslu- og endurhæfingarmiðstöð, er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykjaneshús. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. grein

Stofnendur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum eru: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, félög launafólks á Suðurnesjum, félög vinnuveitenda/vinnuveitendur á Suðurnesjum og Reykjaneshús, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

3. grein

Markmið eru:

- Að efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna.
- Að efla samstarf atvinnulífs og skóla.
- Að efla tengsl grunn- og endurmenntunar.
- Að endurhæfa þátttakendur til vinnu.
- Að stuðla að auknum lífsgæðum þátttakenda og fjölskyldna þeirra.
- Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða áframhaldandi nám.

Til þess að ná markmiðum sínum á sviði endur- og símenntunar býður stofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við nám til sjálfseflingar, nám fyrir einstaklinga sem hafa flosnað upp úr formlega skólakerfinu, frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðsraðir. Kennslu skal hagað þannig að hún hafi fullorðnum.

Til þess að ná markmiðum sínum á sviði starfsendurhæfingar býður stofnunin upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er í samvinnu við félags- og heilbrigðisyfirlöggjum og mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunu aðila á svæðinu. Þátttakandinn skal sjálfur vera virkur í endurhæfingu sinni frá upphafi og koma með virkum hætti að gerð sinnar endurhæfingaráætlunar.

4. grein

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er skipuð fimm fulltrúum til eins árs í senn og fimm til vara. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir einn fulltrúa, Reykjaneshús tilnefnir einn fulltrúa, félög vinnuveitenda/vinnuveitendur, sem aðild eiga að miðstöðinni, tilnefna sameiginlega einn fulltrúa, félög launafólks sem aðild eiga að miðstöðinni, tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og Fjölbrautaskóli Suðurnesja tilnefnir einn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. grein

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og



EGB RL HFP.
KHM.

kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórn ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundi með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. grein

Stjórn félagsins ræður forstöðumann og ákveður laun hans og starfskjör. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Forstöðumaður hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsmanna. Forstöðumaður skal leggja fyrir stjórn allar ákvarðanir sem teljast óvenjulegar, meiriháttar og stefnumarkandi. Forstöðumaður ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

7. grein

Tekjur Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars sjálfsaflafés.

8. grein

Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

9. grein

Reikningsár Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Reikningar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til eins árs. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næst liðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. grein

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samhljóða samþykki stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu Sýslumannsins á **Norðurlandi vestra**.

Stofnuninni verður einungis slitið með sameiginlegri ákvörðun stjórnar.

Verði starfsemi Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum hætt og stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til eflingar endur- og símenntunar á Suðurnesjum.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á **Norðurlandi vestra** á skipulagsskrá þessari sem og breytingum sem kunna að vera gerðar á henni.



EB K.H.
E.S. H.F.P.
K.Asm.

Skipulagsskrá þessi var staðfest á stjórnarfundi Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum í Reykjavík, 16. september 2019.

Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 1062/2014.

Reykjavík, 16. september 2019

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum,

Kristín María Birgisdóttir

Kristín María Birgisdóttir

Ellert E.

Ellert Eiríksson

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Guðbrandur Einarsson

Guðbrandur Einarsson

Kristján Ásmundsson

Kristján Ásmundsson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sambíróki 4. mars 2020

Björn Hratnsson fr.



Austur-Hringimhl.